

Mál nr. 262/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. júlí 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. september 2024 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn 27. apríl 2024 hafi orðið árekstur milli bifreiðanna A og B sem er í eigu M. Ekki er ágreiningur um að ökumaður A beri sök á árekstrinum.

Í málskoti kemur fram að eldri skemmdir hafi verið á B, þ.e. á stuðara og frambretti farþegamegin. Við áreksturinn hafi orðið auknar skemmdir á bretti og framstuðara og sé ekki möguleiki að laga þær með einföldum hætti eins og hafi verið ætlun M vegna hins fyrra tjóns. Þá sé komin ný skemmd á hurðina farþegamegin auk þess sem framljós þeim megin sé rispað. M sé ekki að fara fram á að V bæti skemmdir á B að fullu enda hafi hún ekki verið í 100% standi fyrir áreksturinn. Hann vilji hins vegar fá það tjón sem varð við áreksturinn bætt. Í kjölfar árekstursins hafi M, samkvæmt fyrirráðum V, farið með B á viðurkennt verkstæði þar sem honum hafi verið sagt að ekki yrði gert við sílsinn þar sem um eldra tjón væri að ræða. Frambrettið og stuðarinn yrðu hins vegar lagfærð. Síðar hafi verkstæðið tilkynnt um að frambrettið og stuðarinn hefðu verið ónýtt fyrir árekstur A og B. V hafi í kjölfarið skoðað málið og tilkynnt M að sennilega hafi félagið ekki átt að bæta neitt. M hafi bent á að stuðarinn væri meira brotinn en áður og frambrettið meira beyglað. V hafi þá bent M að fara með tjónið í gegnum kaskótryggingu B hjá öðru váttryggingafélagi og að það váttryggingafélag mundi þá meta hvaða skemmdir tilheyri V. M fellir sig ekki við þessa niðurstöðu og krefst þess að V bæti honum tjónið sem orðið hafi á B við áreksturinn.

Í bréfi V kemur fram að við nánari skoðun á skýrslu Aðstoðar&Öryggis um áreksturinn hafi komið í ljós að B var töluvert tjónuð fyrir og hafi t.d. bæði framstuðari og frambretti verið ónýtt. Af ljósmyndum megi sjá að framstuðari hafi verið límdur saman og hafi verið skemmdir á honum sem ekki komu til við áreksturinn. Telji félagið að einungis rispur á stuðarahorni og frambretti séu komnar til vegna árekstursins og séu það skemmdir sem V beri að bæta. V hafni því hins vegar að bæta nýtt frambretti og stuðara þar sem þau hafi augljóslega verið skemmd áður.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að tjónið á B hafi aukist við áreksturinn. Festingar á framstuðara hafi brotnað og frambretti beyglast auk þess sem engar rispur hafi verið á framljósi fyrir áreksturinn. Tilboð í viðgerð á framstuðara fyrir áreksturinn hafi þá hljóðað upp á 60 – 70.000 kr., og hafi miðað að því að laga stuðarann burðarlega séð þó útlitslega mundu sjást merki um viðgerð. Tjónið á B sé nú mun meira. Sé því ljóst að tjónið á B hafi aukist við áreksturinn.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns og samkvæmt reglum skaðabótaréttar á tjónþoli að vera eins settur og ef tjón hefði ekki komið til. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A sem nema þeirri fjárhæð að koma B í sama ástand og hún var í fyrir tjónið.

Óumdeilt er að tjón hafi verið á B fyrir áreksturinn, og af ljósmyndum af vettvangi má sjá að framstuðari var límdur saman. Fyrirliggjandi eru þá ljósmyndir af B frá því fyrir áreksturinn og má þá sjá að stuðari er brotinn og skemmdir við númeraplötu og á hægri framhorni. Við áreksturinn varð ákoma á hægri framhorn B og hefur V, í tölvupósti til M dags. 9. júlí 2024, fallist á að bæta rispur á stuðarahorni og mögulegar rispur inn á frambretti fremst en það er tjónið sem V telur að hafi komið til við áreksturinn. M byggir hins vegar á því að festingar á framstuðara hafi brotnað og að frambretti hafi beyglast lítillga, og þá sé framljós rispað. Í ljósi þess að ástand framstuðara og brettis virðist hafa verið töluvert bágborið fyrir umrætt atvik, svo og þess að M hefur engin gögn, önnur en eigin staðhæfingar, lagt fram til stuðnings framangreindu verður að telja að ekki sé sýnt fram á að umrætt tjón hafi komið til við áreksturinn.

Verður því að telja, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að M hafi ekki sýnt fram á frekara tjón við áreksturinn en V hefur þegar fallist á að bæta, þ.e. rispur á stuðarahorni og fremst á frambretti. Verður M samkvæmt almennum sönnunarreglum að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A en þegar hafa verið boðnar fram af hálfu V.

Reykjavík, 12. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir